

Fundargerð Foreldraráðs 17.sep 2019, kl 20:00

Mættar voru: Ásta Þorgilsdóttir og Soffía Rún Kristjánsdóttir.

Íris Ósk Valþórsdóttir var fjarverandi, en hafði samþykkt starfs- og matsáætlun.

1. Farið yfir starfs- og matsáætlun 2019-2020, hún rædd og samþykkt.
2. Til stendur að gera alsherjar úttekt á skólanum og starfinu öllu. Sérfræðingar á vegum Menntasmálastofnunar munu taka rýnihópaviðtöl við deildastjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Við í foreldraráði auk þriggja annara foreldra, einn af hverri deild, munum fara fyrir hópi foreldra og funda með þeim.
3. Undirbúningar á foreldrafundi sem haldinn verður þann 25.sep kl.20:00. Lögðum upp hvernig hann verður haldinn. Skólastjóri með stutta kynningu, kostning í Foreldrafélag og Foreldraráð, skýrsla beggja stjórna lesin upp og að lokum verða starfsstöðvar þar sem kennarar kynna kennsluefni. Foreldraráð mun hafa samband við foreldrafélag fyrir fundinn.
4. Símenntunaráætlun má finna á vef Hæðarbóls. Þar smá sjá fyrirlestra og fleira sem ætlaðir eru starfsfólki skólans. Foreldraráð er velkomið að sitja þessa fyrirlestra. Leikskólastjóri býður foreldrum og hvetur þá til að koma á fyrirlesturinn um Tengslamyndun barna og foreldra, sem Tengslamiðstöðin sendur fyrir. Þessi fyrirlestur er áætlaður þann 7.janúar 2020.
5. Forvarnavika dagana 9-16.okt. Áhersla verður lögð á að njóta þess að vera saman. Að því tilefni ætla börnin á Hæðarbóli fara saman í samstöðugöngu. Upp kom hugmynd að enda vikuna á að gera eitthvað saman á laugardegi.
6. Önnur mál. Njálgurinn er enn og aftur komin á stjá. Nú verða allir foreldrar að taka höndum saman til að koma í veg fyrir þennan óþverra. Þetta er ekki feimnismál!

Fundi slitið 21.15